

ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2020

| Heiti verkefnisins | Nútímafærsla Skjálftasetursins á Kópaskeri |
|---|--|
| Markmið | <p>Markmiðið er að uppfæra og endurnýja sýningu Skjálftasetursins á Kópaskeri og stuðla þannig að jákvæðri upplifun gesta og sterkara aðdráttarafli fyrir svæðið austan Jökulsár á Fjöllum.</p> <p>Verkefnið er þegar komið af stað í samstarfi við Gagarín og verður unnið í áföngum skv. við meðfylgjandi samantekt og kynningu frá Gagarín.</p> <p>Þessi umsókn lýtur að því að geta ráðist í verkþætti sem hafa áhrif á upplifun gesta strax í sumar.</p> |
| Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni) | <p>Skjálftasetrið var stofnað 2009 og frá upphafi hefur markmið þess verið að skapa aðdráttarafli til að laða gesti á svæðið austan Jökulsár á Fjöllum og auka fjölbreytni starfa á Kópaskeri. Mikil vinna hefur verið lögð í undirbúning og efnissöfnun og af nógu efni er að taka. Hins vegar hefur verið ljóst um nokkurt skeið að nauðsynlegt er að uppfæra miðlun á því efni sem til er og bæta þannig upplifun gesta.</p> <p>Á síðasta ári (2019) fékk Skjálftasetrið styrk úr Sóknaráætlun Norðurlands eystra til að hefja <i>nútímafærslu Skjálftasetursins</i>.</p> <p>Ráðinn var verkefnisstjóri og blásið til fundar meðal íbúa og hagaðila um framhaldið. Í samræmi við niðurstöður þess var gengið til samninga við Gagarín um tæknilega útfærslu á verkefninu og vinna hefur þegar farið fram í eftirfarandi þáttum:</p> <ul style="list-style-type: none"> • For- og greiningarvinna. • Samningur við hönnunarstofu. • Endurhönnun og endurskipulagning sýningar. • Áfangaskipt framkvæmdaáætlun til þriggja ára (2020-2022). <p>Mjög gott samstarf hefur verið við Gagarín og er mikill áhugi allra aðila á að koma verkefninu áfram.</p> <p>Nú eru uppi fordæmalausir tímar og væntingar um erlenda ferðamenn á sumri komanda litlar, en á sama tíma má ætla að íslenskir ferðamenn ferðist meira innanlands og gera má ráð fyrir að þeir sækji í auknum mæli á staði sem þeir hafa ekki heimsótt áður. Norðausturhornið er einmitt slíkur áfangastaður og hefur þegar orðið vart við slíkan áhuga.</p> <p>Skjálftasetrið telur því afar mikilvægt fyrir framtíð þess að einhver hluti af árangri verkefnisins verði sýnilegur strax í sumar, þannig að gestir sem hingað koma snúi aftur með jákvæða upplifun og sögur.</p> <p>Sú vinna sem þegar er að baki hefur einkum snúið að stefnumótun, hönnun og áætlanagerð, en til þess að hafa áhrif á upplifun gesta í sumar þarf að ráðast í framkvæmdir sem jafnframt skapa störf sem nú er brýn þörf á.</p> <p>Í viðauka aftast í umsókn er kostnaðaráætlun frá Gagarín um æskilega verkþætti í fyrsta áfanga, fyrir árið 2020.</p> <ul style="list-style-type: none"> • V1 - Þessi verkþáttur 1 er nauðsynlegur. • V2 - Hönnunarhluti V2 er mikilvægur og æskilegt væri að koma a.m.k. hluta hans í prentun. • V3 – Snertiskjáiir eru ódýrasta tæknilausnin til að breyta upplifun gesta safnsins og klárlega á áætlun. |

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

| | |
|---|---|
| | <ul style="list-style-type: none"> • V4 – Hlaðvörp njóta vaxandi vinsælda og eru frábær nútímaleg og ódýr leið til að miðla efni (sem áður var í löngu máli á prentuðum spjöldum) á lifandi og persónulegan hátt. Enn eru margir sem upplifðu skjálftann 1976 og hafa skemmtilegar sögur að segja, en þeim fer þó fækkandi. • V5 – Æskilegt er að bæta ásýndina við innkomu á sýninguna og ljóst að nauðsynlegt verður að ráðast í fleiri lagfæringar samhliða verkefnum sumarsins. • V6 – Þessi þáttur er óhjákvæmilegur, aðeins spurning um umfang. • V7 – Þessi þáttur er einnig óhjákvæmilegur og ræðst af umfangi. <p>Í ljósi þess takmarkaða fjármagns sem til skiptanna er í þessari úthlutun og ríkri þörf fyrir það á svæðinu gerum við ekki ráð fyrir stuðningi í allt þetta nú, heldur leggjum áherslu á þætti sem bæta upplifun gesta strax í sumar og geta skapað störf á svæðinu. Þá er einkum horft til V1 og V4 í heild sinni, og hluta af V2 og V5. (þetta mun einnig kalla á hluta kostnað í V6 og V7)</p> |
| Framkvæmdaaðili | Skjálftafélagið - <i>félag áhugafólks um jarðskjálftasetur á Kópaskeri</i> Kt. 701107-1600 |
| Samstarfsaðilar | Gagarín, sveitarfélagið Norðurþing og starfsmenn Öxarfjarðar í sókn og SSNE. |
| Tengsl við sóknaráætlun | <p>Tilgangur og markmið Skjálftasetursins styður við ýmsar áherslur Sóknaráætlunar Norðurlands eystra á öllum sviðum.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fjölga atvinnutækifærum og starfandi fyrirtækjum á svæðinu með fjölbreytni stofnenda að leiðarljósi. • Fjölga störfum í skapandi greinum í landshlutanum • Tengja menningarstarf atvinnunýsköpun • Tengja menningu og ferðaþjónustu • Efla menningarframboð í jaðarbyggðum • Kynna og miðla menningararfleið svæðisins til íbúa í auknum mæli • Efla menningartengda ferðaþjónustu utan háannar og tengja ferðamenn betur við sögu svæðisins • Auka umhverfisvitund |
| Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna | <p>8.9 Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.</p> <p>9.4 Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfisvæna verkferla eftir getu.</p> <p>11.4 Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleið heimsins.</p> <p>11.A <i>Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðapróun á landsvísu og innan svæða.</i></p> <p>12.B Próuð verði tæki til þess að fylgjast með áhrifum sjálfbærrar þróunar á ferðaþjónustu sem leiðir af sér störf og ýtir undir staðbundna menningu og framleiðslu.</p> |

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

| | |
|---|--|
| Árangursmælikvarðar | Árangurinn má mæla í settum áföngum, og jafnframt má meta árangur út frá fjölda gesta í Skjálftasetrið og umsögnum þeirra. |
| Lokaður (hver verður lokaður verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?) | Lokaður þessa tiltekna verkefnis verður að gera sýnileg breytingu á því að nútímavæða sýningu Skjálftasetursins og stíga þannig skref í að skapa raunverulegt aðdráttarafi og fyrir ferðamenn í Öxarfjarðarhéraði sem mun koma til með að efla umferð um svæðið og aðra þjónustu. Þá mun verkefnið sjálf skapa nauðsynleg störf á svæðinu til skamms tíma og styrkja Skjálftasetrið í því að skapa vettvang sem hefur menningarlegt og fræðandi gildi með áherslu á sérstöðu svæðisins. |
| Upphaf og lok verkefnis | maí 2020 – mars 2021. |
| Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma) | 4.000.000 |
| Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á) | Horft er til þess að um sérstakt tímabundið átak er að ræða og óskað eftir framlagi að upphæð kr. 2.000.000 fyrir verkefnistímann. |
| Mótframlag (ef við á) | Með eigin fjármagni, eftirstöðvum af innheimtu styrkloforði frá fyrra ári og eigin vinnuframlagi Skjálftaseturs og velunnara þess má áætla að Skjálftasetrið get fjármagnað um 50% verkefniskostnaðar á móti þeim styrk sem sótt er um. |
| Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á) | Tengist beint markmiðum <i>Öxarfjarðar í sókn</i> um Framandi áfangastað: 1.5 Skjálftasetur sé komið með tryggan rekstrargrunn og 10. m.kr til uppbyggingar safnsins fyrir árslok 2020. Að sóttur verði meiri stuðningur við reksturinn t.d. gegnum ráðstefnur vísindamanna, m.a. með tengingu við skjálftaráðstefnuna á Húsavík. Ábyrgð: Skjálftafélag og verkefnisstjóri. BREYTT 2019 1.7 Komið verði upp tveimur fleiri áfangastöðum ferðamanna fyrir árslok 2019. Skoða m.t.t.: ▪ Salernisaðstöðu ▪ Stefnumarkandi áfangastaðaáætlun Norðurhara (sérstaklega Fjallahöfn og Veggjarendi) ▪ Áfangastaður á flekaskilum tengt Skjálftasetrinu og Alfred Wagener. Ábyrgð: Skjálftasetur(stjórn), Norðurhara, hagsmunaaðilar, verkefnisstjóri og frumkvöðlar. BREYTT 2019 |

Viðauki

Kostnaðaráætlun verkefna í áfanga 1 - apríl 2020-mars 2021 (Gagarín)

| Áfangi 1 - Verkpættir | Unnið af | Kostnaður (m. vsk) |
|---|--|-----------------------|
| V1 - Handrit og frásagnarleið, útgáfa 2.0 | | 496.000 |
| Sýningarhandrit Skjálftasetursins verður endurskoðað með tilliti til hvaða þættir hentar til ólíkrar miðlunar í framtíðinni. Með nýja frásagnarleið í gegnum sýninguna að leiðarljósi þar sem skert hefur verið á umfangi umfjöllunarefnum út frá framtíðarsýn Skjálftasetursins | Samstarf milli Gagarín og Skjálftasetursins. Ritstjórnarhópur myndaður. Leitað er til ýmissa sérfræðinga og velunnara á svæðinu. | |
| V2 - Grafík og prent | | 3.100.000 |
| Hönnuð verða ný veggspjöld fyrir hluta af handriti og myndefni skv. verkþætti 1. ásamt því að gera krakkaleið í grafík í gegnum sýninguna. Einnig verður unnið skilti fyrir veg sem vekur athygli á sýningunni. | Gagarín sér um grafíska hönnun og aðlögun á handriti og myndefni. Smíði á skilti og prent verður í höndum verktaka á þeim sviðum. | |
| V3 - Flettiskjá lausn og vélbúnaður | | 4.340.000 |
| Hugbúnaðarlausn Gagarín verður sett upp á tveimur snertiskjám og efni sett inn í lausnina skv. verkþætti 1. | Gagarín sér um innleiðingu á hugbúnaði og grafísk viðmót. Skjálftasetur sér um að setja efni inn í hugbúnaðinn. | |
| V4 - Hlaðvörp framleiðsla | | 620.000 |
| Framleidd verða Hlaðvörp skv. verkþætti 1. | Samvinna milli Gagarín, Skjálftasetursins og Upptökustúdíó. | |
| V5 - Sýningarrými, ásýnd og smíði | | 1.860.000 |
| Anddyri Skjálftaseturs málað og endurhannað þannig að tónninn verði skýr strax við aðkomu. Skoðaður möguleiki á að gera jarðskjálftahermi meira í stíl við sýninguna. Húsnæði lagað og ásýnd samræmd eftir nánari þarfagreiningu. | Gagarín ásamt Finni Arnari og Þórarni Blöndal sem hafa áður unnið við sýningarhönnun Skjálftasetursins. | |
| V6 - Uppsetning og ferðir | | 868.000 |
| Hönnuðir og smíðir koma og setja upp endanlega | Óákveðið | |
| V7 - Verkefnastjórnun (10%) | | 1.128.400 |
| Ut anumhald tíma og kostnaðaráætlana. Kynningar fyrir áframhaldandi vinnu og næstu áfanga. | Gagarín | |
| Heildarkostnaður verkefnis | | 12.412.400 |